

FI — Nokkrir aðilar hérlendis hafa þegar hafist handa við þróun og smíði á rafeindabúnaði í tengslum við vélrænan búnað með það fyrir augum að bæta rekstraröryggi, nýtingu og tryggari gæði framleiðslunnar í frystihúsum landsins. Í þessu sambandi má nefna flokkunarfærifönd, rafeindavogir og tölvuúrvinnslu. Maður gæti haldið, að hugvitsemi ýmiss konar, sem eykur verðmæti útflutningsafurða okkar, ætti upp á pallborðið hjá ráðamönnum, en er það í rauninni svo?

Tíminn leitaði til framkvæmdastjóra Rafrásar, Asgeirs Bjarnasonar, en Rafrás er þriggja ára gamalt rafeindafyrirtæki á sviði rafeindatækni og þar fer fram hönnun, þróun, framleiðsla og verkfræðiráðgjöf á sviði hljóð-, ljós-, og tölvu-eindatækni. Fyrirtækið er eins og fleiri slík hér á landi, ungt og hefur ekki getað snúið sér fyrir alvöru að vísindastörfum vegna skorts á stofnfjármagni og hefur m.a. farið inn á neytendabrutina til þess að styrkja fyrirtækið til frekari dæða.

Asgeir var spurður að því, hvornig búið væri að rafeindabúnaðinum á Íslandi.



Asgeir Bjarnason framkvæmdastjóri Rafrásar. Fremst t.h. á myndinni er rafeindaklukkan, sem Rafrás hefur nú sent á markaðinn.

Skilar arði á við bezta fiskibát

Á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins, sem haldinn var 19. maí sl., hélt Páll Theódórsson forstöðumaður Eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans erindi um þróun og smíði rafeindatækja á Íslandi. Þar skorar hann á ráðamenn að veita fyrirgreiðslu til rafeindaíðnaðarins og leggur hann áherzlu á, að þessi iðnaður sé ekki dýri stofnkostnaði. Hundrad tónna vélbatur kosti 300 milljónir króna, en fyrir um helming þessarar upphæðar mætti byggja upp myndarlegt rafeindafyrirtæki, sem gæti leyst þýðingarmikil verkefni og skilað arði á við bezta fiskibát.

Neytendaframleiðsla og vísindi

Asgeir minnti á það, að árlegt innflutningsverð rafeindatækja, sem hér hafa verið notuð, nemur um 3-5 milljörðum árlæga. Fyrir utan vísindalegu verkefni, sem ekki gefa af sér arð enn sem komið er, hefur Rafrás

Lítið hirt um tækni, sem aukið getur hagnað frystihúsanna allverulega

„Ég held ég megi segja, að flest fyrirtæki berjist í bókku-um”, sagði Asgeir, „og eigi ekki greiðan aðgang að lánastofnunum. Hér er mér ljúft að undanskilja Framkvæmdastofnun, sem gengið hefur á undan og veitt málinu lið. Því miður eru fáir hér dómbærir á þennan unga iðnað og svörin, sem við höfum fengið hjá ýmsum lánastofnunum eru yfirleitt: Framleiðið fyrst og sýnið okkur fram á, hve vel tekst til — sem þýðir í raun, að við eigum ekki aðgang að rekstrarfjármagni.

Á meðan þetta gerist tapar frystiðnaðurinn hundruðum milljóna og lítið er hirt um tækni, sem aukið getur hagnað frystihúsanna allverulega og þar með þjóðarþúsins í heild. Ef einhver fjárfesting er arðbær, þá er það í rafeindaiðnaði.

Rafeindatæki, sem svo miklar vonir eru bundnar við, verða ekki til í einu vetfangi og til þess að hægt verði að vinna að tækjapróun í sambandi við sjávarútveg, þarf skilning áhrifamanna. Þarna þurfa að koma til tölvufræðingar, rekstrarfræðingar frá frystihúsum, rafeindasérfræðingar

og véltækniþræðingar. Að min- um dómi ættu rafeindafyrirtæki að fá fullan stuðning stjórnvalda til áframhaldandi starfs á þessu sviði og stuðla þannig að tækjapróun fyrir sjávarútveginn”.

að smíða akveðin tæki hér heima, flyst þekking inn í landið, sem ómetanleg er til fjár. Raunvísindastofnun háskólans hefur sannað það, að ódýrara er að leigja vísindamenn til hönnunar og smíði eins flókins tækis

geysilega mikil þörf hjá flotanum fyrir alls konar fiskileitartæki og fisksjár. Við hefðum þá átt menn til þess að byggja upp sterkan rafeindaiðnað á þessu sviði. En hvað gerðist? Á þeim tíma kom norskur verkfræðing-

nú sent á markaðinn rafeindaklukkuna, en tilgangur þess framleiðsluverkefnis var að fá reynslu í magnframleiðslu án þess að stofnfjárfestingin yrði of mikil.

Einnig undirbýr fyrirtækið nú framleiðslu á segulmælum, sem hér á landi hafa verið notaðir af Orkustofnun og öðrum aðilum við berglaga- og jarðfræðirannsóknir. Er unnið að því að leita eftir mörkuðum erlendis fyrir tæki þetta og er á þessu stigi ekki hægt að segja um, hvaða undirtektir framleiðslan fær.

Asgeir sagði að lokum, að rafeindafyrirtækin yrðu m.a. að fara inn á almennan neytendamarkað til þess að birgja sig upp af fjármagni og fá almennari áhuga. Hann nefndi sem dæmi, að fólk fengi fyrst áhuga á þessum iðnaði, þegar hann höfðaði beint til þess, sbr. lít-sjónvarpstækið, sem Rafrás kynnti á Iðnkynningu 77 og var íslensk smíð. „Ef þarna hefði verið á ferðinni flókið vísindatæki, hefði það ekki höfðað eins til fólks og fjármálamanna, en staðreyndin var, að það vakti geysilega mikla athygli”.

En á meðan bíður aðalatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, aukinnar hagræðingar.

„TÍMI RAFEINDAIÐNAÐAR Á ÍSLANDI ER KOMINN”

Rætt við ungan framkvæmdastjóra, Ásgeir Bjarnason, um iðnað framtíðarinnar á Íslandi — rafeindaiðnað

Þekkingarsköpunin ómetanleg til fjár

„Auk þess gleyma menn mikilvægri staðreynd, þegar hugvitsiðnað ber á góma, en það er þekkingarsköpunin. Með því

en að kupa það beint frá framleiðanda.

Hvað varðar rafeindatæki í frystihúsum, þá liggur þarna stór þörf hjá landanum og við megum gæta þess að missa ekki allt út úr höndunum á okkur eins og á nýsköpunarárunum.

Upp úr stríðslokum var uppbygging skipaflotans hröð eins og allir vita, og þá myndaðist

ur frá námi í Bandaríkjunum, Simonsen, og byggði upp norska fyrirtækið Simrad, sem síðan hefur séð íslenska fiskiflotanum fyrir megninu af öllum fiskileitartækjum til þessa dags, — og það er ekki lítil markaður hér. Þarna misstum við af tækifæri og nú megum við ekki láta fleiri tækifæri ganga okkur úr greip- um”.



Friðrik og Steingrímur sýna á Kjarvalsstöðum

Friðrik Þór Friðriksson og Steingrímur Eytjörð Kristmundsson opna sýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 29. júlí kl. 2. Friðrik og Steingrímur sýndu í vor saman í Gallerí Suðurgötu 7, og líta má á þessa sýningu sem beina af-

leiðingu þeirrar sýningar, þó yrkisefni séu ólík. Verkin eru unnin með margvíslegum efnum m.a. ollu á striga, ljósmyndum, teikningum, og í tré. Friðrik og Steingrímur eru meðal stofnenda Gallerí Suðurgötu 7 og ritstjórar

tímaritsins Svarts á hvítu. En nýútkomið þriðja hefti ritsins verður selt á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 8. ágúst og er opin kl. 2-10 um helgar en 4-10 virka daga. Flest verkin eru til sölu.

Norðurárdalur:

Spretta léleg — en nýting á heyi góð

Kás — „Það er allt heldur þokkalegt að fréttu hédan, og sláttur hafinn af fullum krafti, fyrir hálfri annarri viku”, sagði Snorri Þorsteinsson á Hvassafelli í Norðurárdal, fréttaritari Tímans í samtali við blaðið í gær. „Spretta hefur verið ákaflega misjöfn, heldur léleg, en það hefur þó eitthvað lagast síðustu

dagana. Heyfengur verður að líkindum töluvert mikið minni en í fyrra, en þá var mjög gott ár”.

Hins vegar sagði Snorri, að góð nýting væri á því heyi sem næðist inn, enda hefðu þurrkar verið sámilegir undanfarið, þótt heyskapur hefði gengið nokkuð erfiðlega vegna foks.